

AUGLÝSING

um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 19. gr. reglugerðar nr. 519/1979 um sama efni hefur viðskiptaráðuneytið, í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur um erlendar lántökur og leigur (fjármögnunar- og kaupleigur) á tækjum, vélum og búnaði eingöngu til nota í atvinnurekstri.

1.0 Erlendar lántökur vegna kaupa á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri svo og vegna viðgerða á skipum.

1.1 Heimilt er að gera lánssamning við erlenda aðila um kaup frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði, sem upp eru talin í lið 6.0 hér á eftir, til nota í atvinnurekstri.

Innlendum framleiðendum þeirra véla, tækja og búnaðar, sem upp eru talin í 6.0 hér að neðan, er heimilt að taka erlend lán til að fjármagna slíka framleiðslu sína með sömu takmörkunum og greinir í reglum þessum.

Erlend lán skv. 1. og 2. mgr. skulu ekki vera hærri en sem nemur 70% af innlendu verði vörunnar en 60% ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlends banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

1.2 Heimilt er að gera lánssamninga við erlenda aðila vegna viðgerða á skipum erlendis. Hér lendum skipasmíðastöðvum, sem annast samskonar viðgerðir, er og heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna þær. Lánshlutfall af viðgerðarkostnaði fiskiskipa skal eigi vera hærri en Fiskveiðasjóður Íslands hefur til viðmiðunar í sínum útlánareglum í sambærilegum tilvikum, en um önnur skip gilda lánshlutföll skv. 1.1 hér að ofan.

2.0 Samningar um leigur á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri skv. 6.0 og lántökur í því sambandi.

2.1. Innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunar- og kaupleigu er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og búnaði erlendis frá, í þeim tilgangi að gera leigusamninga um notkun þeirra við innlenda aðila. Erlenda lánið má eigi vera hærri en sem nemur 70% af samningsverði.

2.2 Innlendir aðilar, sem gera leigusamning beint við erlenda aðila skulu leggja fram við samningsgerð fjárhæð er nemur 30% af samningsverði. Erlend lántaka vegna þessa hluta samningsverðs er óheimil. Hlutfall þetta skal við samningsgerð leggja inn á bundinn reikning við hér lenda innlánsstofnun í krónum eða með keyptum gjaldeyri (á innlendan gjaldeyrisreikning) og gangi hlutfallslega úr reikningi þessum til að mæta leigugreiðslum á samningstímanum. Sjá þó einnig 9. lið auglýsingar nr. 171/1980 um leigusamninga, sem heimilt er að gera til 3 eða 12 mánaða. Að öðru leyti gilda almenn skilyrði í 3.0 hér að neðan.

3.0 Almenn skilyrði um láns- og leigusamninga skv. 1.0—2.0.

3.1 Allar erlendar lántökur skv. 2.0 hér að ofan skulu bundnar leigusamningum og kjörin mótist af því, sbr. endurlánsskilyrði 38. og 39. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13/1979.

Erlendu lánsfé skv. 2.0 sé eingöngu varið til kaupa á vélum, tækjum og búnaði skv. 6.0, sem beinlínis eru fluttar inn vegna ráðgerðra leigusamninga eða í sama tilgangi til að fjármagna samskonar tæki er smíðuð yrðu hérlandis í stað innflutnings.

3.2 Láns- og leigusamninga þessa, skv. 2.0 hér að framan, er ekki heimilt að gera með ábyrgð eða endurláni innlands banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingar-sjóðs.

3.3 Hver samningur um einstaka vél, tæki eða búnað skal ekki vera fyrir lægri fjárhæð en USD 5000 eða að jafnvirði hennar í annarri mynt. Hámarks láns- eða leigutími er sjö ár, en varðandi leigu eða lán til lengri tíma skal sækja um heimild til viðskiptaráðuneytisins.

3.4 Afrit lánssamninga við erlenda aðila og afrit leigusamninga við innlenda og erlenda aðila, ásamt reikningum frá innflytjanda véla, tækja og búnaðar, skulu jafnóðum lögð fyrir gjaldeyriseftirlitið til staðfestingar. Við lok hvers mánaðar skulu þeir aðilar, er annast eða gera hér umrædda samninga, bæði með erlendu og innlendu fjármagni, leggja fyrir gjaldeyriseftirlitið heildaryfirlit um þá, þar með um jöfnuð samninga gerðra í erlendri og innlendri mynt skv. nánari reglum sem Seðlabankinn setur. Kröfur um framlagningu skjala og skýrslugerð hér að ofan eru byggðar á lögum um gjaldeyris- og viðskiptamál nr. 63/1979 og lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986.

3.5 Óskir um láns- og leigusamninga vegna annarra véla, tækja og búnaðar í atvinnurekstri en um er getið í lið 6.0 skulu sendar með videigandi gögnum til gjaldeyriseftirlitsins, sem leggur þær fyrir viðskiptaráðuneytið. Sjá ennfreður 4.0 hér að neðan og auglýsingu ráðuneytisins nr. 171/1980.

4.0 Aðrar erlendar lántökur.

Aðrar lántökur en þær, er tilgreindar hafa verið í auglýsingu þessari, svo og auglýsingu nr. 171/1980 skal sækja um til viðskiptaráðuneytisins. Í lántökubeiðni skal ítarleg grein gerð fyrir tilgangi lántökunnar.

5.0 Ákvæði 17. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála skulu gilda eftir því sem við á vegna brota á auglýsingu þessari.

6.0 Reglur þessar í 1.0—3.0 gilda um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sem falla undir eftirtalda kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmer, þó ekki varahluti:

Úr 59. KAFLA:

59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum, - loðnu- og síldarnætur o.þ.h.

Úr 73. KAFLA:

73.21.06 Steypumót (mótakerfi)

73.22 Tankar úr ryðfríu stáli

73.27.05 Færibönd

Úr 84. KAFLA:

84.01 Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi, háhitavatnsskatlar (super heated water boilers)

84.02 Hjálpartæki við katla sem teljast til nr. 84.01

- 84.03 Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi
- 84.05 Gufuvélar
- 84.06.10 Flugvélahreyflar
- 84.06.69 Vararafstöðvar
- 84.07 Vökvaþrýstivélar og hreyflar (þar með talin vatnshjól og vatnshverflar)
- 84.08.10 Potuhreyflar
- 84.08.20 Skrúfuþotuhreyflar
- 84.08.50 Hlutar til þotuhreyfla eða skrúfuþotuhreyfla
- 84.09.00 Sjálfknúnar vegþjöppur
- 84.10 Vökvaðælur
- 84.11.11 —
- 84.11.19 Dælur og þjöppur
- 84.15 Tæki og vélar til kælingar og frystingar
- 84.16 Sléttipressur
- 84.17 Vélar, tæki og vélasamstæður, svo og hliðstæður búnaður til rannsóknastofa
- 84.18 Miðflóttaaflsvindur; vélar og tæki til síunar og hreinsunar á vökvum og lofttegundum
- 84.19.21 Aðrar uppþvottavélar
- 84.19.29 Annað
- 84.20 Vogir
- 84.21 Mekanísk tæki til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum og dufti
- 84.22.11 Kraftblakkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta
- 84.22.12 Vindur, þar með taldar akkeris- og skipavindur
- 84.22.21 Lyftikranar
- 84.22.50 Rennistigar og rennigangbrautir
- 84.22.61 Færibönd og sniglar
- 84.23.10 —
- 84.23.40 Vélar og tæki til graftar, uppfyllingar, námuvinnslu, grjótnáms og annars þess háttar
- 84.25.20 Sambyggðar uppskeru- og þreskivélar
- 84.25.32 Uppþökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
- 84.25.41 Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu
- 84.26.21 Mjólkurvinnsluvélar
- 84.26.29 Annað
- 84.28 Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar
- 84.29 Vélar og tæki til brauðkornsmölunar
- 84.30 Vélar og tæki, sem ekki teljast til einhvers annars númers þessa kafla, til notkunar við framleiðslu mat- og drykkjarvara
- 84.31 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa
- 84.32 Bókbandsvélar
- 84.33 Vélar og tæki til pappírs- og pappaskurðar
- 84.34.10 Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötur og prentvölsun
- 84.35 Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi
- 84.36 Vélar til útpressingar á tilbúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrulegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar
- 84.37 Vefstólar, þrjónavélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði
- 84.40.29 Þvottavélar, sem taka meira en 6 kíló, aðrar en til heimilisnotkunar

- 84.40.30 Þurrhreinsivélar
- 84.40.40 Þurrkarar til iðnaðarnota
- 84.40.62 Strokvélar, aðrar en til heimilisnotkunar
- 84.40.63 Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavörum
- 84.40.64 Prentunarvélar
- 84.41.12 Saumavélar til notkunar í iðnaði
- 84.42 Vélar og tæki til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni
- 84.43 Málmbræðsluofnar- og vélar
- 84.44 Málmvölsunarvélar
- 84.45 Vélar til smíða úr málm og málmkarbídum; þó ekki vélar er teljast til nr. 84.49 og 84.50
- 84.46 Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og gleri, þó ekki handverkfæri
- 84.47 Vélar til smíða úr trjáviði, korki, beini, harðgúmmí, sviðaprar hörku (þó ekki tæki er teljast til nr. 84.49)
- 84.52 Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngu-miðavélar og aðrar svipaðar vélar sem eru með reikniútbúnaði
- 84.53 Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeim tilheyrandi, lesarar fyrir segul-letur og ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum ót.a.
- 84.55.21 Tölvuhlutir
- 84.56 Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar, þvotta, mólunar og blöndunar á mold, steinum, málmgrýti og öðrum föstum steinefnum, einnig þótt þau séu sem duft eða deig, vélar og tæki til að pressa eða móta fast eldsneyti, efni í leirvörur, óharðnað sement, gips og önnur steinefni í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á steypumótum úr sandi
- 84.57 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum o.fl.þ.h.
- 84.59 Vélar og tæki og mekanísk áhöld til sérstakra nota og teljast ekki til annars númeris í þessum kafla
- 84.60 Mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma
- 84.65.01 Skipsskrúfur

Úr 85. KAFLA:

- 85.01 Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar, spennar og afriðlar, afriðilstæki og spankerfi
- 85.11 Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum
- 85.15.71 —
- 85.15.79 Ratsjár- og loftskeytamiðunartæki

Úr 86. KAFLA:

- 86.06 Verkstæðisvagnar, kranavagnar og aðrir vinnuvagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir
- 86.08 Gámar

Úr 87. KAFLA:

- 87.01.10 Beltadráttarvélar
- 87.01.20 Dráttarþreifreiðar fyrir festivagna
- 87.02.12 Snjóþreifreiðar

- 87.02.13 Loftpúðaökutæki
- 87.01.17 Ökutæki með burðarþol 3 tonn og þar yfir til flutnings bæði á mönnum og vörum
- 87.02.21 Almenningsbifreiðar fyrir 10-17 manns
- 87.02.29 Aðrar almenningsbifreiðar
- 87.02.31 —
- 87.02.34 Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþoli 3 tonn og þar yfir
- 87.02.35 —
- 87.02.49 Ökutæki til vöru- og efnisflutninga og sjúkrabifreiðar
- 87.03.01 Slökkvibifreiðar
- 87.03.02 Snjóplógar
- 87.03.03 Kranabifreiðar
- 87.04.01 —
- 87.04.09 Grindur með hreyfli fyrir ökutæki er teljast til 87.01 - 87.03
- 87.05.02 Yfirbyggingar fyrir almennings- og vörubifreiðar
- 87.07.11 —
- 87.07.19 Gaffallyftarar o.fl.
- 87.14.21 —
- 87.14.29 Tengi- og festivagnar til vöruflutninga

Úr 88. KAFLA:

- 88.02.20 Þyrlur
- 88.02.40 Önnur loftfarartæki 2 000 - 15 000 kíló
- 88.02.50 Önnur loftfarartæki sem vega meira en 15 000 kíló

Úr 89. KAFLA:

- 89.01.30 Tankskip af öllum gerðum
- 89.01.40 Vöruflutningaskip
- 89.02 Dráttarbátar
- 89.03 Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip o.fl.

Úr 90. KAFLA:

- 90.08.21 Kvikmyndavélar-, myndatökuvélar
- 90.08.29 Aðrar kvikmyndavélar
- 90.10 Tæki og áhöld þeirrar tegundar sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og falla ekki undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar og varmaafritunarvélar
- 90.11 Rafeinda- og prótansmásjár, rafeinda- og prótondifraktógrafar
- 90.12 Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka eða varpa á sýningartjald mynd af því sem í þeim sést
- 90.15 Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg. eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til
- 90.17 Tæki og áhöld til lyflækninga, tannlækninga, skurðlækninga og dýralækninga
- 90.18 Tæki til mekanóterapí, nuddlækninga, psykóteknískra rannsókna, oxygen-terapí, ózonterapí, aerosólterapí og gerviandardráttar; öndunartæki
- 90.20 Röntgentæki
- 90.28 Rafmagns- og rafeindatæki og áhöld til mælinga, prófana, skoðana, greininga og sjálfvirkra stillinga

Úr 94. KAFLA:

- 94.02 Húsgögn fyrir lækniþæðgerðir, þar með talðar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir; tannlæknastólar og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- og öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna.

Auglýsing þessi öðlast gildi mánudaginn 28. september 1987 og kemur í stað auglýsingar ráðuneytisins um erlendar lántökur og leigusamninga o. fl. nr. 227 25. maí 1987 og gildir til ársloka 1988.

Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1987.

Jón Sigurðsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalðar breytingar verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. málslíður 2. mgr. 2. töluliðar orðist svo:

Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- og víngerðar, poppkorns, hvers konar íss eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

- b. 3. töluliður orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða, mötuneyta og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar 75% af innkaupsverði hráefnis til matargerðar sem undanþegið er söluskatti samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort hráefnið er gjaldskylt til sérstaks söluskatts eða ekki.

- c. 21. töluliður orðist svo:

Sala eða leiga á kvikmyndum til kvikmyndahúsa eða sjónvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

- d. 22. töluliður falli niður.

2. gr.

16. töluliður 14. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1987 og kemur til framkvæmda í fyrsta sinn vegna uppgjörs söluskatts vegna októbermánaðar 1987.

Fjármálaráðuneytið, 21. september 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.